

Þriðjudagurinn 9. maí 2000

141. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 18/2000

**Aðgerðir Iðnvéla ehf. til að hindra samhliðainnflutning  
á trésmíðavélum frá SCM S.p.A. á Ítalíu**

**I.**

**Málsmeðferð**

**1.**

Í erindi, dags. 23. apríl 1999, kvartar Þorsteinn Einarsson hdl., f.h. Iðnvéla ehf., yfir viðskiptaháttum Merkúrs ehf. Í erindinu segir m.a.:

*„Umbj. minn starfar á sviði heild- og smásölu og flytur einkum inn og selur ýmis tæki og vélar til iðnrekstrar. Umbj. minn flytur m.a. til landsins trésmíðavélar frá ítalska fyrirtækinu SCM S.p.A. og hefur umbj. minn verið einkaumboðsmaður þess fyrirtækis í mörg ár. Á árinu 1997 hóf Merkúr ehf. samkeppni við umbj. minn um sölu á vélum frá SCM S.p.A. hér á landi. Merkúr ehf. hefur átt í samstarfi við danskan aðila, Ludvig M. Larsen, sem hefur umboð fyrir vélar frá SCM S.p.A. í Danmörku, um sölu þeirra véla hér á landi. Eins og áður greinir hefur umbj. minn einkaumboð til sölu véla frá SCM S.p.A. hér á landi og eru því tilburðir Merkúr ehf. í samstarfi við Ludvig M. Larsen, í andstöðu við vilja framleiðanda vélanna á Ítalíu.“*

Erindinu fylgdi m.a. afrit símbrefs SCM til Iðnvéla, dags. 22. september 1997. Þar segir m.a.:

*„Reference is made to your fax dated 4<sup>th</sup> August 1997...“*

*We have carefully examined all the points outlined and we regret that due to a sort of misunderstanding with Messrs. Larsen, you have been obliged to deal with such an inconvenience.*

*We have cleared up the situation and an assurance from Messrs. Larsen has been received by us, so that no direct interference is generated towards your company. “*

Í símbréfi SCM til Ludvig M. Larsen, dags. 9. desember 1997, segir:

*„During our past correspondence on Iceland market we received your fax... dated 10-10-97 in which you clearly indicated the respect not to market SCM panel products in Iceland through Messrs. Merkur.*

*We have been acknowledged that in a recent private exhibition in Iceland Messrs. Merkur were showing:*

*1 K208F*

*1 SANDYA 5*

*1 SANDYA 1*

*and that two men from Larsen were present too.*

*We regret to say that this is totally the contrary of what was assured and guaranteed by you.*

*We formally invite you to respect our agreement in order to avoid that upsetting situation like this might influence negatively our main co-operation in Denmark. “*

## 2.

Samkeppnisstofnun sendi erindi Iðnvéla til umsagnar Merkúrs og er um það fjallað í öðru máli fyrir samkeppnisráði, sjá ákvörðun nr. 17/2000. Jafnframt sendi Samkeppnisstofnun Iðnvélum bréf, dags. 11. júní 1999, þar sem sagði m.a.:

*„Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram koma í erindi yðar telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að taka til athugunar aðgerðir Iðnvéla ehf. og SCM S.p.A. Beinist athuginin að því hvort Iðnvélar og SCM hafi gripið til ráðstafana til að hindra samhliðainnflutning. Með heimild í 39. gr. samkeppnislaga og með vísan til 10., 11. og 17. gr. samkeppnislaga óskar Samkeppnisstofnun eftir eftirfarandi upplýsingum frá Iðnvélum ehf.:*

1. Afriti símbréfs Iðnvéla, frá 4. ágúst 1997, til SCM sem vísað er til í bréfi SCM, dags. 22. september 1997.

2. *Afriti allra annarra samskipta sem farið hafa á milli Iðnvéla og SCM um sama efni.*
3. *Afriti allra annarra samskipta sem Iðnvélar hafa undir höndum sem snerta stöðu Iðnvéla, Merkúrs, SCM og Ludvig M. Larsen á íslenskum markaði.*“

### 3.

Í svari lögmanns Iðnvéla, dags. 10. september 1999, segir:

*„Umbj. minn tekur skýrt fram að hann hefur engar ráðstafanir gert til að hindra innflutning Merkúr ehf. á vélum frá Ludvig M. Larsen til landsins. Umbj. mínum er fullkunnugt um að öðrum er jafnframt heimilt að stunda viðskipti með þessar vélar en hann hefur hins vegar kosið að þeir aðilar sem standa að innflutningi samhliða honum beiti löglegum aðferðum við þann innflutning. Umbj. minn hefur ítrekað kvartað við Ludvig M. Larsen og SCM S.p.A. yfir aðferðum þess fyrrnefnda og Merkúrs ehf. við kynningu og sölu á vélum frá SCM S.p.A. hér á landi. Um aðferðir þeirra aðila vísa ég til kvörtunar umbj. míns, en þar kemur m.a. fram að þeir aðilar beita ólöglegum aðferðum við markaðssetningu véla frá SCM S.p.A. hér á landi, m.a. með undirboðum, óhæfilegri notkun á kaupbæti og með blekkingum um stöðu umbj. míns á markaðnum. Merkúr ehf. hefur flutt inn vélar frá Ludvig M. Larsen í Danmörku og telur umbj. minn að Ludvig M. Larsen sé þátttakandi í fyrrgreindum viðskiptaháttum Merkúrs ehf. hér á landi.*

*Að beiðni sendi ég yður afrit af bréfi umbj. míns til Ludvig M. Larsen dags. 11. mars 1998 ásamt bréfi umbj. míns dags. 9. september sl. Því miður getur umbj. minn ekki afhent afrit annarra bréfa og vísa ég til bréfs umbj. míns dags. 9. september sl. um ástæður þess.*“

Í meðfylgjandi bréfi Iðnvéla til lögmanns fyrirtækisins, dags. 9. september sl., segir:

1. *„Símbréf Iðnvéla til SCM S.p.A., frá 4. ágúst 1997, er því miður ekki til. Eins og þér mun kunnugt urðum við fyrir því óláni að brotist var inn í skrifstofur okkar í ágúst 1998 og öllum tölvum stolið. Í þessum tölvum voru símbréf og ekki til bréflagt afrit. Hins vegar teljum við okkur geta upplýst að bréfið frá 4. ágúst var aðeins til að vekja eftirtekt SCM á hegðun Ludvig M. Larsen og samstarfsmanna og mótmæla henni.*

2. Önnur samskipti eru því miður að mestu töpuð við umræddan þjófnað á tölvum fyrir utan bréf sem var sent til Ludvig M. Larsen dags. 1998 11 03...
3. Við viljum sérstaklega taka fram að engar aðgerðir hafa verið gerðar til að hindra samhliðainnflutning enda hafa umræddir aðilar stundað innflutning allan tímann og gera enn. Þvert á móti hefur því verið lýst yfir af hálfu Iðnvéla ehf. og SCM S.p.A. að ekki er mótmælt samhliðainnflutningi.
4. Við verðum að lýsa furðu okkar á málsmeðferð Samkeppnisstofnunar þar sem kvörtun okkar er mætt með kröfu um rannsókn og óbeinni hótun um að kæru verði beint að okkur þegar við erum að reyna að sækja rétt okkar.“

Í símbrefi Iðnvéla til Ludvig M. Larsen, dags. 11. mars 1998, sem fylgdi svarinu segir m.a.:

*„We refer to your determination to sell SCM machines in Iceland at whatever cost...*

*You are perfectly aware that Iðnvélar ehf. has been for some time working with these customers to negotiate these sales and therefore your act of pressing offers for exactly the same machines is clearly only to disturb and sabotage the work of Iðnvélar ehf.*

*This is not in interest of our mutual representation for the SCM Group S.p.A., and it is only appropriate of you to concentrate your work to the purpose of raising the market share of SCM machines on the Danish market.“*

Iðnvélar höfðu sent SCM afrit símbrefsins.

#### 4.

Í bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 1. nóvember 1999, til lögmanns Iðnvéla kom fram að grunnregla EES-samkeppnisréttarins væri að allar ráðstafanir sem hefðu það að markmiði að hindra eða koma í veg fyrir samhliðainnflutning milli aðildarríkja EES-samningsins væru bannaðar. Í ljósi þessa væri t.d. erlendum framleiðanda óheimilt að skuldbinda sig gagnvart íslenskum umboðsmanni til að selja ekki þriðja aðila vöruna til endursölu hér á landi. Þá væri með sama hætti umboðsmanni hér á landi óheimilt að grípa til ráðstafana til að hindra samhliðainnflutning.

#### 5.

Í bréfi Iðnvéla til Samkeppnisstofnunar, dags. 10. nóvember 1999, segir m.a.:

*„Þykir okkur ...skjóta skökku við sú orka sem sett er í að finna niðurstöðu í máli sem ekki hefur verið gerð athugasemd við og allar staðreyndir benda til að ekkert hefur verið aðhafst sem gæti þurft athugunar við.“*

## 6.

Með bréfi, dags. 13. desember 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun lögmanni Iðnvéla að gagnaöflun væri lokið í máli þessu og málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 9. maí 2000, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

Í erindi Iðnvéla sem mál þetta orsakaðist af segir að fyrirtækið hafi einkaumboð hér á landi til sölu trésmíðavéla frá ítalska fyrirtækinu SCM S.p.A. Jafnframt kom fram að sala keppinautar Iðnvéla á vélum SCM í samstarfi við danskt fyrirtæki væri í andstöðu við vilja framleiðanda vélanna. Samkeppnisstofnun taldi því rétt að athuga nánar hvort Iðnvélar og SCM hefðu gripið til ráðstafana til að hindra samhliðainnflutning. Með heimild í 39. gr. samkeppnislaga og með vísan til 10., 11. og 17. gr. sömu laga óskaði Samkeppnisstofnun eftir upplýsingum frá Iðnvélum.

Markaðurinn sem mál þetta tekur til er innflutningur og sala á trésmíðavélum. Á þeim markaði eru a.m.k. fjögur íslensk og tvö dönsk fyrirtæki sem flytja inn trésmíðavélar til Íslands. Stærst þessara fyrirtækja eru Iðnvélar og Hegas og eru þau áþekk að stærð, með samtals um [...] <sup>1</sup> markaðarins. Merkúr er nýjasta fyrirtækið á þessum markaði og hefur um [...] <sup>2</sup> markaðshlutdeild, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 17/2000.

Að mati samkeppnisráðs má ráða af þeim gögnum sem fyrir liggja í málinu, þ.e. afriti símbréfa milli Iðnvéla og SCM og milli SCM og danska fyrirtækisins

---

<sup>1</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

<sup>2</sup> Fellt út vegna trúnaðar.

Ludvig M. Larsen, að Iðnvélar hafi reynt að hafa áhrif á sölu Ludvig M. Larsen, sem er umboðsmaður SCM í Danmörku, á trésmíðavélum SCM til keppinauta Iðnvéla hér á landi.

Samkeppnisráð bendir á að í samkeppnisrétti er það víðast hvar viðurkennt að framleiðandi tiltekinnar vöru geti skipað umboðsmenn fyrir vörur sínar og með samningum veitt umboðsmönnum tiltekna vernd, t.d. með því að skuldbinda sig til að skipta ekki við aðra umboðsmenn á sama markaðssvæði eða stunda þar ekki sjálfur sjálfstæða markaðsstarfsemi með beinni sölu. Vernd sú sem felst í samningum af þessum toga er að öllu jöfnu til þess fallin að efla samkeppni milli vöruflokka á sama markaði. Verndin hvetur þannig umboðsmanninn til þess að auglýsa og markaðssetja viðkomandi vöru þar sem dregið er úr líkum á því að nýr aðili komi inn á markaðinn og njóti afraksturs markaðsstarfs umboðsmannsins án þess að hafa lagt út í sambærilegan kostnað.

Hins vegar hefur það skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga ef samningar milli erlends framleiðanda og íslensks umboðsmanns, eða samstilltar aðgerðir þeirra á milli, leiða til þess eða er ætlað að hafa þau áhrif að keppinautur getur ekki orðið sér úti um viðkomandi vöru með samhliðainnflutningi og selt hana hér á landi í samkeppni við viðkomandi umboðsmann. Með því móti hefur hinum íslenska umboðsmanni verið veitt sk. algjör landfræðileg vernd og gefur slík vernd möguleika á að skipta mörkuðum eftir landsvæðum og tækifæri á að selja viðkomandi vöru á hærra verði en ella. Aðgerðir af þessum toga hafa í för með sér skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga og geta eftir atvikum falið í sér brot á 20. gr. laganna.

Samningar þeir sem hér er um fjallað eru gerðir við framleiðanda á Ítalíu. Um viðskipti milli Íslands og Ítalíu gilda m.a. samkeppnisreglur EES-samningsins. Með lögum nr. 2/1993 voru reglur þessar lögfestar hér á landi. Það er grunnregla í EES-samkeppnisréttinum að allar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að hindra eða koma í veg fyrir samhliðainnflutning milli aðildarríkja EES-samningsins eru bannaðar.

Af framangreindu má ráða að heimilt er skv. samkeppnislögum að erlendur framleiðandi veiti umboðsmanni sínum hér á landi ákveðna vernd. Í þessu felst að hinn innlendi umboðsmaður getur að vissu marki gripið til aðgerða gagnvart hinum erlenda framleiðanda eða öðrum til að vernda hagsmuni sína. Þær aðgerðir mega hins vegar ekki, eins og áður sagði, leiða til þess að komið sé í

veg fyrir eða unnið sé gegn samhliðainnflutningi á þeirri vöru sem umboðsmaður hefur umboð fyrir. Í ljósi þessa verður að meta hvort aðgerðir Iðnvéla í þessu máli hafi verið lögmætar.

Samkeppnisráð telur að m.a. símbref SCM til Iðnvéla frá 22. september 1997, símbref SCM til Ludvig M. Larsen frá 9. desember 1997 og símbref Iðnvéla til Ludvig M. Larsen frá 11. mars 1998 sýni fram á að Iðnvélar hafi reynt að hindra samhliðainnflutning til Íslands á vélum frá ítalska fyrirtækinu SCM. Gögnin sýna að Iðnvélar hafi í þessu skyni bæði reynt að hafa áhrif á SCM og umboðsmann þess í Danmörku. Aðgerðir þessar höfðu m.a. þau áhrif að SCM gaf danska umboðsmanni sínum það til kynna að frekari endursala umboðsmannsins á trésmíðavélum til Íslands hefði neikvæð áhrif á samvinnu þeirra á danska markaðnum. Samkeppnisráð telur því ljóst að Iðnvélar hafi með aðgerðum sínum reynt að stuðla að því að fyrirtækinu verði veitt fullkomin vernd fyrir samhliðainnflutningi á trésmíðavélum frá SCM S.p.A. Slík háttsemi brýtur gegn ákvæðum 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð beinir því þeim fyrirmælum til Iðnvéla að hafa ekki í frammi slík afskipti.

### III.

#### Ákvörðunarorð:

**„Aðgerðir Iðnvéla ehf., Hvaleyrarbraut 18–20, Hafnarfirði, sem hafa það að markmiði að hindra samhliðainnflutning á trésmíðavélum frá ítalska fyrirtækinu SCM S.p.A. hafa skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga beinir samkeppnisráð þeim fyrirmælum til Iðnvéla ehf. að grípa ekki til aðgerða af þessum toga.“**